

Mál nr. 15/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 9. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 30. janúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 5. febrúar 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 4. mars 2025.

Málsatvik.

Í málskoti er málsatvikum lýst þannig að tjón hafi orðið á bifreiðinni A þegar henni var ekið ofan í holu á hraðahindrun á bílastæði við grunnskóla Y í sveitarfélaginu X. Byggir M á því að tjónið stafi af vanrækslu sveitarfélagsins X við að viðhalda svæðinu. Í því sambandi byggir M á því að X hafi fengið ábendingar um að lausar hellur væru á hraðahindruninni meira en mánuði fyrir tjónsdag, án þess að láta gera við. Þá hafi X verið kunnugt um það sama dag og tjónið varð að ástand hraðahindrunarinnar hafði versnað. Þrátt fyrir þetta hafi engar viðvörunarmerkingar verið settar upp. Heldur M því fram að bílnum hafi verið ekið löturhægt í umrætt sinn. Hægra afturdekkið hafi farið ofan í holuna, sem hafi verið á hraðahindruninni, þannig að þungt högg hafi komið á bílinn. Í tölvupósti til M frá umboðsaðila bílsins, dags. 25. nóvember 2024, kemur fram að viðkomandi aðili metur það svo að það hafi komið högg undir bílinn aftan við hægra framhjól. Sé ákoman sé að mestu á vatnshosur sem liggja í sílsinum og komi út þarna. Hafi báðar hosurnar skemmst og lekið. Telur umboðið að svona tjón geti ekki orðið án þess að ökumaður taki eftir því og líklegast að það hafi orðið við að aka fram af háum kanti eð ofan í djúpa holu.

Þann 23. nóvember 2024 hafnaði V að bæta tjón M úr ábyrgðartryggingu X. Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 30. janúar 2025 kemur fram að tjónstilkynning hafi borist frá M 17. nóvember 2024. Hafi þar verið tilkynnt að tjón hafi orðið á A þegar henni var ekið ofan í holu á hraðahindrun við „sleppistæði“ fyrir utan Y að morgni 11. nóvember 2024. Tekur V fram að í umsögn sem borist hafi frá X komi fram að ábending um lausar hellur hafi fyrst borist frá skólastjóra Y 2. október 2024. Með ábendingunni hafi fylgt ljósmynd þar sem sjá hafi mátt að ekki var um að ræða holu á hraðahindruninni heldur lausa og brotna hellu. Þar sem ástandið hafi ekki verið metið hættulegt fyrir umferðina og þar sem alltaf þurfi að forgangsraða verkefnum við rekstur X, hafi verið beðið með viðgerð svo hægt væri að samnýta viðgerðina með öðrum verkefnum á svæðinu. Bendir V á að engar aðrar tilkynningar eða ábendingar hafi borist til þess eða X um ástandið á hraðahindruninni fyrr en seinni ábendingin barst frá skólastjóranum 11. nóvember 2024. Var það gert eftir að skólastjóranum hafði verið tilkynnt um að skólabörn væru að gera sér að leik að losa hellur á hraðahindruninni. Hafi starfsfólk skólans haft áhyggjur af því að skólabörnin gætu notað hellurnar til að skemma nærliggjandi bifreiðar. Menn hafi hins vegar ekki haft áhyggjur af umferðinni. Ljósmyndir fylgdu einnig með seinni ábendingunni. Að mati V benda þær ekki til þess að um hafi verið að ræða augljóst hættuástand fyrir bifreiðar sem ekið er í samræmi við þær reglur sem giltu á svæðinu. Metur V það svo að ekki hafi verið um að ræða holu eða ástand sem venjuleg bifreið eigi ekki að geta ekið hægt yfir án þess að verða fyrir tjóni, jafnvel þó ekið sé ofan í eða þvert yfir holuna. Hvað varðar álitid frá umboði A, þá bendir V á að það styðjist ekki við nein gögn og verið aflað einhliða af M. Það hafi því ekkert sönnunargildi. Mótmælir V því sérstaklega að það álit sanni að umrætt tjón hafi gerst með þeim hætti sem M byggir á. Bendir V á að umrætt tjón hafi allt eins geta átt sér stað á öðrum vegarkafli áður eða eftir að A var ekið yfir hraðahindrunina. Álitid geti því ekki staðfest frásögn M um það hvar og hvenær tjónið hafi átt sér stað.

V upplýsir að þegar seinni tilkynningin barst hafi verkbeiðni verið send samdægurs á verktaka en vegna tæknilegra vandamála hafi sú beiðni ekki borist til hans. Er á það bent að tjón M hafi orðið sama dag

og seinni ábendingin barst frá skólastjóra Y. Því hafi í raun ekki verið hægt að gera við áður en M segir að tjónið hafi orðið. V telur að framangreint sýni ekki hafi verið fyrir að fara saknæmri háttsemi af hálfu X. Því eigi M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Í viðbótarathugasemdum M er m.a. lögð áhersla á að X hafi ekki gripið til tafarlausra aðgerða þegar seinni tilkynningin barst 11. nóvember 2024. Telur M að ef viðgerð hefði farið tafarlaust fram þann sama dag, eða viðvörunarmerkingar settar upp, hefði mátt koma í veg fyrir tjónið. Þá telur M að upplýsingar frá umboðinu sem liggja fyrir í málinu styðji frásögn sína.

Í viðbótarathugasemdum V, dags. 4. mars 2025, ítrekar V sín fyrri rök. Til viðbótar leggur V m.a. áherslu á að það sé ósannað að tjón M hafi orðið með þeim hætti sem haldið er fram auk þess sem mjög ólíklegt sé að tjónið á A geti verið tilkomið vegna þess að henni hafi verið ekið yfir umrædda hraðahindrun á eðlilegum/löglegum hraða og í samræmi við aðstæður. Þá hafi ekki verið tilkynnt um tjón á öðrum bifreiðum, sem bendi ekki til þess að mikið hætta hafi stafað af hraðahindruninni.

Álit.

Bótaréttur M er háður því að henni takist að sanna að tjón á bifreiðinni A hafi orðið með þeim hætti sem byggt er á. Takist sú sönnun þarf M auk þess að sýna fram á að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á. Það er niðurstaða nefndarinnar að M hafi ekki tekist framangreind sönnun. Í fyrsta lagi liggja ekki fyrir nein samtímagögn um hvernig eða hvar tjónið átti sér stað. Ekki kemur fram að M hafi tilkynnt skólayfirvöldum í Y eða neinum öðrum á vettvangi um að tjón hafi orðið á bifreiðinni A við að aka yfir hraðahindrunina. Þá verður ekki séð af gögnum málsins að X hafi verið tilkynnt um atburðinn fyrr en 15. nóvember 2024 og V ekki fyrir en með tjónstilkynningu 17. nóvember. Þá segir í tölvubréfi frá umboði A, dags. 25. nóvember 2024, að líklega hafi tjónið orðið við að aka fram af háum kanti eða ofan í djúpa holu. Af ljósmynd sem sýnir aðstæður við hraðahindrunina á meintum tjónsdegi verður að mati nefndarinnar vart dregin sú ályktun að um sé að ræða háan kant eða djúpa holu. Nefndin telur því að M hafi ekki tekst að sýna fram á að tjónið hafi orsakast með þeim hætti sem hann byggir málatilbúnað sinn á. Þá telur nefndin einnig, að þó fallist væri á að tjónið hafi atvikast eins og M lýsir í málatilbúnaði sínum þá verði það ekki rakið til gálausrar háttsemi sem X beri skaðabótaábyrgð á. Aftur telur nefndin, með vísan í fyrirliggjandi ljósmyndir, að aðstæður hafi ekki verið með þeim hætti að ástæða sé til að ætla að mikil hætta hafi verið á tjóni ef bíl væri ekið löturhægt yfir hraðahindrunina, eins og M segist í málskoti hafa gert. Með vísan til þessa telur nefndin að þó vissulega hafi orðið tafir á því að X léti framkvæmda viðgerð á hraðahindruninni, þátt fyrir tvær tilkynningar um ástand hennar, þá leiði það athafnaleyzi ekki til skaðabótaábyrgðar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. mars 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir